

## Hestamannafélagið Sprettur

Stjórnarfundur nr. 17, haldinn þriðjudaginn 03.12.2013 kl. 17:30 á Kjóavöllum.

Mætt til fundarins voru: Sveinbjörn Sveinbjörnsson, Þorvaldur Sigurðsson, Guðmundur Hagalínsson, Hannes Hjartarson, og Hermann Vilmundarson sem ritaði fundargerð Guðmundur vék af fundi þegar liður 11 var tekinn fyrir.

1. Haustfundur, afgreiðsla.  
Senda samþykkt haustfundar Kópavogsbæjar ásamt bréfi. Jafnframt nefna heystæði og hringgerði. (SS)
2. Kynning á reiðhöll  
Búið að boða, á heimasíðu Spretts, kynningu fyrir félagsmenn miðvikudaginn 4. des milli 18 og 19 Jón Albert mun leiða fólk um húsið.
3. Gólf í reiðsal.  
Verið að vinna í að setja gólfefni í reiðsal Loftorka verktaki á því.
4. Tækninefnd  
Er að vinna í þarfagreiningu og staðsetningu á tæknibúnaði fyrir reiðhöll. Búið að biðja JÁ verk um tilboð í tækniherbergi sem yrið í framhaldi af loftræstiherbergi.
5. Leiga á Andvarahöll  
Lítil innkoma undanfarna mánuði.
6. Dagskrá vetrarins.  
Dagskrá vetrarins komin inná heimasíðuna. ÞS ætlar að prenta dagskrá og plasta, þannig að hún verði útburðarhæf eftir áramót.
7. Keppni milli hestamannafélaganna á höfuðborgarsvæðinu  
SS búinn að funda með formönnum hestamannafélaga á höfuðborgarsvæðinu, rætt um að hafa mót í tengslum við hestadaga í RVK og yrði það keppni milli félaga með úrtöku í héraði.
8. Íþróttamaður Spretts útreikningur.  
Stigagjöf rædd HH falið að klára stigagjafar form sem notað er til leiðbeinigar við val á íþróttamanni Spretts.
9. Reiðvegur um Leiðarenda  
Ef þarf að loka reiðveg um Leiðarenda, í vetur, árettar stjórnin að sú lokun geti ekki varað lengur en til 1.apríl.
10. Fræðslu og æskulýðsnefnd  
Rætt um vetrarstarf barna og unglunga í vetur og hvort kostur sé að sameina krafta fræðslu og æskulýðsnefndar, ákveðið að boða, fulltrúa þessara nefnda á fund stjórnar.
11. Ráðning framkvæmdastjóra.  
Ákv að stjórnin leggist betur yfir val á umsækjendum, og hittist á laugardagsmorgun kl 11 og klári málið.